

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

9. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

10. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginna brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

11. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthluta 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaafلامarksbáta sem

gerðir eru út frá sjávarbyggðum, sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafلامarbs-báta, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Að hlutur krókaafلامarbs-báta í viðkomandi byggðarlagi nemi 15% eða meira af því heildaraflamarki í þorskígildum talið, þ.m.t. í loðnu, sem úthlutað hefur verið á fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskiskipa, sem skráð voru á úthlutunardegi í byggðarlaginu.
2. Að þorskaflahámarks- og krókaafلامarbs-bátar hafi landað a.m.k. 15% af þeim heildarafla, í þorskígildum talið, sem fiskiskip, sem skráð voru í viðkomandi byggðarlagi á löndunardegi, lönduðu á fiskveiðiárinu 2000/2001.

2. gr.

Hlutur einstakra byggðarlaga, sem til greina koma skv. 1. gr., skal miðast við að heildaraflamark krókaafلامarbs-báta úr hverju byggðarlagi á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði ekki lægra en tiltekið hlutfall af lönduðum afla þorskaflahámarks- og krókaafلامarbs-báta á fiskveiðiárinu 2000/2001, sem skráðir voru í viðkomandi byggðarlagi.

3. gr.

Sá hlutur sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, skv. 2. gr., skal skiptast milli einstakra krókaafلامarbs-báta, sem skráðir voru í viðkomandi byggðarlagi 21. desember 2001 og eru enn skráðir þar 9. apríl 2002. Skal úthlutun til krókaafلامarbs-báta innan einstaks byggðarlags miðast við að heildaraflamark hvers krókaafلامarbs-báts á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði, að lokinni úthlutun samkvæmt þessari reglugerð, ekki lægra en tiltekið hlutfall af lönduðum afla viðkomandi báts á fiskveiðiárinu 2000/2001 í þorskígildum talið. Við útreikning samkvæmt þessari grein skal aflareynsla fylgja við flutning veiðileyfa milli báta.

4. gr.

Við útreikninga á afla, aflamarki og úthlutun samkvæmt reglugerð þessari skal miða við eftirfarandi forsendur:

1. Afli og aflamark í eftirgreindum tegundum skal ekki reiknast með: þorskur í Barentshafi eða afli fenginn þar, úthafskarfi, rækja á Flæmingjagrunni, síld úr norsk-íslenska síldarstofninum og kolmunni.
2. Ekkert byggðarlag fái meira en 400 þorskígildistonn í sinn hlut miðað við slægðan fisk skv. 2. gr.
3. Enginn bátur fái meira en 50 þorskígildistonn í sinn hlut miðað við slægðan fisk skv. 3. gr.
4. Í stað úthlutaðs aflamarks í þorski á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal miðað við óbreyttan þorskafla krókaafلامarbs-báta á fiskveiðiárinu 2000/2001 skv. 2. og 3. gr.
5. Miða skal við almenna úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeilda á fiskveiðiárinu 2001/2002 auk úthlutunar Fiskistofu samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, 7. gr. laga nr. 129/2001 og ákvæði til bráðbirgða XXV og XXVI við lög nr. 38/1990.
6. Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 bæði varðandi úthlutun og landaðan afla.
7. Um afla og aflaúthlutanir skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

5. gr.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta hverjum báti 70% af áætluðum hlut hans. Jafnframt skulu forsendur úthlutunarinnar kynntar útgerðum bátanna og skulu

þær hafa frest til 29. apríl 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflamarks eigi síðar en 13. maí 2002.

6. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.